Fullgild rafræn undirskrift
PÁLL MARVIN JÓNSSON
Kennitala: 111066-4429
2026-11-03 14:49:08 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
STEFÁN LOGI HARALDSSON
Kennitala: 161162-3619
2026-11-03 15:08:08 GMT
Ástæða: Undirskrift

Aðalfundur

Veiðifélagið Flóki

Dags.: 14.05.2026
Staður: Ketilás
Mættir fyrir hönd lögbýla:

Arðskrá fyrir Veiðifélagið Flóka í Skagafirði **Aðalfundur**
Samkvæmt ÚRSKURÐI frá 2. febrúar 2015 **14.5.2026**

Arðskrá	Eingar	Hlutur	Umboð fyrir lögbýli
Ysti-Mór	1672	16.7%	Stefán Logi Haraldsson
Mið-Mór	410	4.1%	Guðmundur Óli Pálsson
Syðsti-Mór	407	4.1%	
Sjöundarstaðir	344	3.4%	
Steinhóll	139	1.4%	
Vestari-Hóll	162	1.6%	
Sigríðarstaðir	752	7.5%	Skapti Runólfsson (umboð)
Nes	113	1.1%	Skapti Runólfsson (umboð)
Neskot	281	2.8%	
Illugastaðir	454	4.5%	Anna Guðrún Þórhallsdóttir
Krakavellir	339	3.4%	
Steinavellir	148	1.5%	
Helgustaðir	264	2.6%	
Austari-Hóll	744	7.4%	
Teigar	103	1.0%	
Stóru-Reykir	304	3.0%	
Minni-Reykir	261	2.6%	
Barð	275	2.8%	
Akrar	562	5.6%	
Langhús	849	8.5%	Arnþrúður Heimisdóttir
Efra-Haganes 1	419	4.2%	Páll Marvin Jónsson
Efra-Haganes 2	559	5.6%	Steinunn Jørgenssen
Brautarholt	139	1.4%	
Sveitarfélagið Skagafjörður	300	3.0%	
	10000	100%	
Mætt fyrir 8 lögbýli		**52,2%**	**einingar**

Aðrir mættir: Anna Guðrún Þórhallsdóttir frá Illugastöðum (í gegnum fjarfundabúnað).

Aðalfundur Veiðifélagsins Flóka var haldinn fimmtudaginn 14. maí 2026 kl. 13:00 í félagsheimilinu Ketilási í Fljótum. Fundurinn var boðaður með aðalfundarboði þar sem dagskrá fundarins var tilgreind: skýrsla stjórnar, ársreikningur fyrir 2025, tillaga stjórnar um greiðslu arðs, kosning stjórnar og varastjórnar, kosning skoðunarmanna reikninga, lagabreytingar og önnur mál. Formaður lagði fram tillögu um að Páll Marvin Jónsson færi með fundarstjórn og að fundarritun annaðist Stefán Logi Haraldsson. Var það samþykkt samhljóða.

1. mál. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri fór yfir skýrslu stjórnar. Rekstur félagsins var með hefðbundnu sniði á árinu 2025. Félagið hafði áfram með höndum umsýslu veiðiréttar á félagssvæðinu, samskipti við leigutaka, eftirlit með veiði og almenna hagsmunagæslu fyrir félagsmenn í samræmi við samþykktir félagsins. Leigusamningar við leigutaka vatnasvæðisins voru í gildi á árinu.

Leigufjárhæðir fyrir árið 2025 námu samtals kr. 5.340.000. Þar af voru kr. 2.330.000 vegna efra svæðis og kr. 3.010.000 vegna neðra svæðis. Innvextir ársins námu kr. 78.592.

Á árinu var farið yfir eldri ógreiddar arðgreiðslur sem ekki hafði verið vitjað. Í samræmi við heimild sem fram kom á aðalfundi félagsins árið 2024 voru óvitjaðar arðgreiðslur sem orðnar voru fjögurra ára eða eldri felldar niður. Samtals námu þær kr. 98.650. Um var að ræða bókhaldslega bakfærslu eldri skuldar en ekki nýja innborgun á bankareikning félagsins.

Stjórn félagsins þakkaði landeigendum, leigutökum og þeim sem sinnt hafa verkefnum fyrir félagið fyrir gott samstarf á liðnu ári.

2. mál. Ársreikningar 2025

Formaður fór yfir ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2025. Fram kom að ársreikningurinn hefði verið yfirfarinn af skoðunarmönnum reikninga. Í áritun skoðunarmanna kemur fram að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri félagsins á árinu 2025 og fjárhagsstöðu þess í árslok, miðað við þau gögn sem þeim voru lögð fram. Skoðunarmenn lögðu til að ársreikningurinn yrði samþykktur.

Heildartekjur ársins námu kr. 5.517.242, þar af leigutekjur kr. 5.340.000, innvextir kr. 78.592 og niðurfelldar óvitjaðar arðgreiðslur kr. 98.650. Rekstrargjöld námu kr. 875.206. Hagnaður ársins nam kr. 4.642.036.

Veltufé frá rekstri fyrir arðgreiðslur nam kr. 4.543.386. Bankainnstæða félagsins í árslok nam kr. 5.093.222. Ógreiddur arður sem ekki hafði verið felldur niður nam kr. 124.014 og eigið fé félagsins í árslok nam kr. 4.969.208.

Ársreikningurinn var borinn upp og samþykktur samhljóða.

3. mál. Arðgreiðslur

Stjórn lagði til að greiddur yrði arður til félagsmanna vegna rekstrarársins 2025 að fjárhæð kr. 4.400.000.

Tillagan tekur mið af því að veltufé frá rekstri ársins nam kr. 4.543.386 og að félagið átti kr. 5.093.222 í handbæru fé í árslok. Að teknu tilliti til eldri ógreidds arðs að fjárhæð kr. 124.014 og fyrirhugaðrar arðgreiðslu stendur eftir varasjóður að fjárhæð kr. 569.208.

4. mál. Kosning stjórnar

Stjórn lagði fram tillögu um óbreytta stjórn. Þar sem engin önnur framboð bárust var eftirfarandi stjórn sjálfkjörin og tillagan samþykkt samhljóða:

- Páll Marvin Jónsson, Haganesi I Efra, formaður
- Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Illugastöðum, stjórnarmaður
- Arnþrúður Heimisdóttir, Langhúsum, stjórnarmaður
- Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi.

5. mál. Kosning varastjórnar

Stjórn lagði fram tillögu um óbreytta varastjórn.

Þar sem engin önnur framboð bárust var eftirfarandi varastjórn sjálfkjörin og tillagan samþykkt samhljóða:

- Stefán Logi Haraldsson, Ysti-Mór *(varamaður)*
- Þórir Jón Ásmundsson, Austari-Hóll *(varamaður)*
- Erla Signý Lúðvíksdóttir, Sjöundastaðir *(varamaður)*

6. mál. Kosning skoðunarmanna reikninga

Stjórn lagði fram tillögu um að skoðunarmenn reikninga frá síðasta ári yrðu endurkjörnir. Tillaga var gerð um að Guðmundur Óli Pálsson og Rúnar Marteinsson yrðu skoðunarmenn reikninga og Dagbjört Sigurbergsdóttir til vara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. mál. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum

8. mál. Endurnýjun leigusamninga

Stjórn lagði fram tillögu um endurnýjun leigusamninga við núverandi leigutaka á efra og neðra veiðisvæði Flókadalsár.

Tillaga stjórnar:

Stjórn Veiðifélagsins Flóka leggur til að leigusamningar um efra og neðra veiðisvæði Flókadalsár verði endurnýjaðir við núverandi leigutaka, með það að markmiði að tryggja rekstrarlegan stöðugleika, samfellu í umsjón og áframhaldandi góða nýtingu veiðisvæðanna. Stjórnin telur að reynsla undanfarinna ára sýni að núverandi fyrirkomulag hafi almennt reynst vel, bæði hvað varðar skipulag veiða, umgengni og skráningu gagna.

Jafnframt leggur stjórn til að við endurnýjun samninga verði samið um hækkun á leiguverði, með hliðsjón af þróun veiðitalna, markaðsaðstæðum og stöðu veiðisvæðanna. Stefnt er að raunhæfri og sanngjarnri hækkun frá gildandi samningi, án þess að fyrir fram séu fastsettar nákvæmar prósentutölur. Við samningsgerð skal leitast við að tryggja jafnvægi milli tekjuöflunar félagsins og langtímahagsmuna vatnasvæðisins.

Í nýjum samningum verði jafnframt kveðið skýrt á um áframhaldandi kröfur til skráningar veiðigagna, veiðivörslu, umgengni og gott samstarf milli leigutaka og stjórnar félagsins.

Tillagan var borin upp og samþykkti Aðalfundur Veiðifélagsins Flóka að heimila stjórn að ganga til samninga við núverandi leigutaka en að samningarnir verði bornir undir fund með lögaðilum áður en þeir taki gildi.

Fleira ekki gert

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð til að ganga frá aðalfundargerð

Fundi slitið klukkan 14:15 - Ketilás, 14. maí 2026

Páll Marvin Jónsson, fundarstjóri **Stefán Logi Haraldsson, fundaritari**